

## **Reglur um framkvæmd skoðanakannana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

Að öllu jöfnu er utanaðkomandi aðilum heimilað að gera skoðanakannanir meðal farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar ef þær tengjast ferðaþjónustu og að undangengnum eftirfarandi skilyrðum:

1. Beiðni um skoðanakönnun verður að berast viðskiptasviði Isavia í síðasta lagi viku fyrir fyrirhugaða framkvæmd. Gefa skal skriflegar upplýsingar þar sem fram kemur:
  - markmið og umfang verksins, þ.m.t. fyrir hverja verkið er unnið
  - áætlaður framkvæmdartími
  - þýði, stærð úrtaks og aðferð
  - afrit af spurningalistanum
  - notkun niðurstaðna og hverjir hafa aðgang að þeim
  - nöfn þess starfsfólks sem mun vinna verkið
2. Gjald fyrir hverja skoðanakönnun er kr. 50.000 og er það greitt fyrirfram. Heimilt er að fella niður gjaldið ef um námsverkefni er að ræða. Heimilt er að lækka gjaldið ef milli aðila semst um aðild Isavia að skoðanakönnuninni. Eintak af niðurstöðu könnunarinnar skal sent Isavia sem mun fara með þær sem trúnaðarmál.
3. Framkvæmdaraðila er skylt að hlíta í einu og öllu fyrirmælum Isavia um framkvæmd könnunarinnar.
4. Eigi könnun að vera framkvæmd inná haftasvæði flugstöðvarinnar þurfa framkvæmdaraðilar að sækja flugverndarnámskeið í þeim tilgangi að fá aðgangsheimild. Frekari upplýsingar veitir viðskiptasvið Isavia.

Keflavíkurflugvelli 1. maí 2010

Isavia ohf.